

## 104. fundur skráningarráðs haldinn 14. júní 2016 kl. 13-17 á Landsbókasafni

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Landskerfis bókasafna og Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri RDA innleiðingar

### 1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt

2. **Skráningarheimildir í Gegni.** Farið yfir lista með nöfnum þeirra sem höfðu skráningarheimild í Gegni en sóttu ekki RDA námskeið. Einhverjir af þeim eru hættir að vinna og þeir notendur fá statusinn „Eytt úr Gegni“. Aðrir fara í biðstöðu. Notendanöfn þeirra verða enn til í kerfinu en skráningarheimildir verða ekki virkar.

Hildur og Magnhildur setja saman lista um þá sem hafa virka heimild, þá sem ekki hafa heimild vegna RDA námskeiða og þá sem eru örugglega alveg hættir að skrá í Gegni. Þessum listum verður komið til Daggar, sem sér um að uppfæra heimildir í kerfinu. Ef einhverjir lenda í vanda með skráningarheimildir sína vegna uppfærslunnar á að beina þeim til Landskerfis. Þaðan fær fólk svar um hvers vegna það hefur ekki skráningarheimild og hvað þarf að gera til að fá heimild. Sigrún sér um að samin verði stöðluð svör hjá Landskerfi vegna fyrirspurna um stöðu skráningarheimilda.

3. **RDA-rafbækur og önnur mál.** Ekki gafst tími til að fara yfir skjal um RDA skráningu á rafbókum eða önnur mál.

104. fundur skráningarráðs var síðasti skráningarráðsfundur Hildar Gunnlaugsdóttur, sem lætur af störfum í sumar.

Næsti fundur verður í september. Fundartími ákveðinn síðar.